

# VERNDAR

UM AFBROT, FANGA OG FANGELSISMÁL

37. árgangur 2006

# BLAÐIÐ



Pétur kveður Vernd // Nám í fangelsum // Verkefni Valtýs  
Fangelsi Íslands // Fangelsi í Kambódíu



Fangelsiskerfi er í eðli sínu afar viðkvæmt vegna þess að viðfangsefni þess er fólk.

# Getum verið góðar fyrirmyndir



Sr. Hreinn S. Hákonarson  
formaður Verndar

Ég myndi vilja sjá annað hús með auknu frelsi. Ef menn stæðust þær kröfur sem settar eru hér þá færðust þeir í annað hús þar sem þeir hugsuðu meira um sig sjálfir.

# Pétur kveður Vernd

**Ritstjóri/ábyrgðarmaður:**

Hreinn S. Hákonarson

**Stjórn Verndar:**

*Formaður*

Hreinn S. Hákonarson,  
fangaprestur Þjóðkirkjunnar

*Varaformaður*

Sigríður Heiðberg,  
forstöðumaður

*Ritari*

Elsa Dóra Grétarsdóttir,  
deildarstjóri

*Meðstjórnendur*

Jón Páll Hallgrímsson, ráðgjafi

Erla B. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi

Ingibjörg Briem, meðferðarfulltrúi

Ásgeir Guðmundsson, löndunarstjóri

**Varastjórn:**

Áshildur Emilsdóttir, félagsráðgjafi

Erlingur B. Kristjánsson, kerfisstjóri

Halla B. Marteinsdóttir, félagsráðgjafi

Axel Karan, fyrrv. lögreglumaður

Helgi Mikael Magnússon, ráðgjafi

Danfríður Skarphéðinsdóttir,  
deildarstjóri

Magnús Einarsson, ráðgjafi

**Húsnefnd áfangaheimilis Verndar:**

Þráinn Bj. Farestveit,  
framkvæmdastjóri

Erlundur S. Baldursson,  
deildarstjóri,

Sigríður Heiðberg,  
varaformaður Verndar

Guðjón Sveinsson, forstöðumaður

Erla B. Sigurðardóttir, félagsráðgjafi

María Steinþórsdóttir, matráðskona

Hreinn S. Hákonarson,  
formaður Verndar

**Framkvæmdastjóri:**

Þráinn Bj. Farestveit, afbrotafraeðingur

**Endurskoðendur:**

Hannes Þ. Sigurðsson,  
endurskoðandi

Dr. Jón M. Ásgeirsson,  
prófessor

**Prentun:**

Prentmet

**Auglýsingar:**

Markaðsmenn

**Forsíðumynd:**

Áfangaheimili Verndar

**Ljósmyndir**

í blaði

Þráinn Bj. Farestveit

Ljósmyndadeild 365

Nánast á hverju ári upphefst mikil umræða um fangelsismál í fjölmiðlum. Margir tjá sig um málið en umræðan stendur alla jafna ekki lengi yfir. Hún er oftast lík neista sem hrekkur út í loftið.

En þó umræðan standi ekki lengi yfir bendir hún til þess að úrbóta sé þörf í fangelsismálum. Hún sýnir líka að margir halda vöku sinni í þessum mála-flokki. Aðrir standa reyndar utan við og vita ekki alveg í hvorn fótinn þeir eigi að stíga. Sumir hugsa brotamönnum þegjandi þörfina eða óska þeim ein-skis, hvorki góðs né illis. Enn aðrir telja jákvæður árangur náist í meðhöndlun brotamanna í fangelsum vegna þess að það sé hagur samfélagsins þegar öllu er á botninn hvolft. Ef fangavistin er innihaldslaus þá eru fangelsin nánast eins og hverjir aðrir gámar sem standa á hafnarbakkanum – gámar sem geyma lifandi manneskjur.

Fangelsiskerfi er í eðli sínu afar viðkvæmt vegna þess að viðfangsefni þess er fólk. Kerfið er neikvætt að því leyti að það grípur inn í líf fólks í kjölfar óskil-orðbundins dóms og vistar í fangelsi. Í fangelsi er lífsramminn þrengri og það sem við köllum eðlilegt líf er víðs fjarri. Það ber hins vegar jákvæðari svip þegar brotafólki gefst tækifæri til að sinna t.d. samfélagsþjónustu í stað þess að fara í fangelsi. Enn fremur þegar fangar geta lokið seinni hluta afplánunar sinnar á áfangaheimili Verndar.

Það er ekki nóg að reisa hús utan um fanga sem heitir fangelsi með háum girðingum og eftirlitskerfi. Kjarni máls-ins er sá að einhver skynsamleg starf-semi verður að fara fram innan veggja þessa húss eigi það að skila einhverjum árangri í þágu samfélagsins alls. Afeitrun þeirra sem sitja í dauðagildru fíkniefna er forgangsmál: meðferð og

stuðningur. Einnig fjölbreytt nám við hæfi hvers sem og vinna.

Fangelsiskerfið í jafn litlu samfélagi og okkar gæti verið fyrirmynd fyrir önnur hin stærri. Kerfi sem rúmar að jafnaði um eitt hundrað og tuttugu fanga í af-plánun ætti að geta verið vel skipulagt og skilvirkt að öllu leyti, ekki einasta rekið af ríkinu heldur heldur og jafnvel að hluta til af einkaaðilum. Smæð kerf-isins ætti að geta gert auðveldara um vik að meta hvern og einn einstakling sem rekur inn fyrir dyr þess um skamma hríð eða langa. Meta hvað honum sé fyrir bestu og hvernig sé best að haga afplán-un hans. Í því skyni skal samkvæmt nýlegum lögum gera meðferðar- og vistunaráætlun í samvinnu við fangann. Hér er um að ræða einstaklingsmiðaða áætlun sem getur verið flókin í sumum tilvikum. Það verður athyglisvert að fylgjast með framvindu á framkvæmd þessa ákvæðis og hverju hún skilar til hagsbóta fyrir fanga og samfélagið.

Það er ódýrara fyrir samfélagið að taka á málum þeirra einstaklinga sem koma í fangelsi eins fljótt og kostur er, finna leiðir fyrir þá og styðja í gegnum vist-ina og út í lífið, heldur en að láta þá velkjast umhugsunarlaust í kerfinu þar til að brottfarardeggi er komið. Stund-um er bilið því miður ekki langt á milli brottfarardags og nýs komudags. Þó má ekki heldur tapa áttum í bjartsýni því að viðfangsefnið er afar erfitt á köflum t.d. meðhöndlun einstaklinga sem hafa verið fastir svo að segja áratugum saman í lífsstíl óreglu og afbrota.

Í ljósi alls þess ætti að stefna því að fangelsiskerfi sem sinnir einna fæstum fögum í heiminum á hverja eitt hundr-að þúsund íbúa verði fyrirmyndarkerfi. Kerfi sem hægt væri jafnvel að hleypa í útrás til hinna fjölmennari þjóða.

*Hreinn S. Hákonarson*

Pétur Sigurðsson matráðsmaður á Vernd hefur staðið í eldhúsinu í Laugateignum síðustu fjögur ár þar sem hann hefur hjálpað mörgum heimilismönnum við að fóta sig fyrstu sporin í átt að frelsinu. Pétur hefur nú kvatt Vernd þar sem hann hefur unnið frábært starf bæði sem kokkur en ekki síður sem góður stuðningsfulltrúi þeirra fjölmörgu sem til hans hafa leitað síðastliðin fjögur ár.



Pétur galdraði fram margar góðar steikur á grillinu á Laugateignum.

„Ég byrjaði að vinna hjá Vernd árið 2002,“ segir Pétur sem lengst af starfaði sem við sjómennsku bæði sem stýrimaður og skipstjóri. „Ég þekkti vel til starfsemi Verndar og hafði aðstoðað við að útvega vinnu fyrir fyrrum fanga löngu áður en ég byrjaði að vinna hjá Vernd. Ég var alltaf með einn mann í vinnu á sjónum sem hafði lent í einhverjum skakkaföllum. Ég hef alltaf haft tilfinningar til fólks sem hefur ratað á röngu brautina. Ef maður getur sagt sem svo. Það hafa allir vitað það sem eru í fangelsum og hér í húsinu að það hefur alltaf verið hægt að koma í eldhúsið að leita ráða,“ segir Pétur sem hefur aðstoðað marga með góðum ráðum við vandamálum sínum og í mörgum tilvikum hefur skapast góður trúnaður milli Péturs og skjólstæðinga hans sem leitað hafa til hans í eldhúsinu á Vernd.

**Trúnaður við heimilismenn**

„Í nær hundraðprósent tilfella hefur skapast mikill trúnaður milli mín og heimilsmanna hér. Þeir treysta mér og ég treysti þeim. Ég get húðskammað menn sem ekki fara eftir settum reglum án þess að það hafi einhver eftirmál. Það má segja að þessi hluti starfsins hafi verið mjög skemmtilegur, það er samskiptin við þá sem hér búa,“ segir Pétur sem greinilega kveður Vernd með söknuði.

**Halda sambandi**

Margir heimilismenn á Vernd hafa orðið svo góðir vinir Péturs að þeir halda við hann sambandi eftir að þeir flytja frá áfangaheimilinu. „Menn koma hingað í kaffi til mín og jafnvel í mat. Það er bara gaman af því. Ætli það séu ekki nokkrir tugir manna sem ég hef kynnst á Vernd sem ég held sambandi við,“ segir gamli skipstjórinn sem getur líka sýnt að hann er harður húsbóndi.

**Vil sjá annað hús**

„Sumir segja að aginn sé of mikill en mér líður betur að menn viti hvernig ég vil hafa hlutina hér. Það er best að hafa hlutina bara á hreinu,“ segir Pétur ákveðinn en hann hefur miklar skoðanir á fangelsiskerfinu og vil sjá annað úrræði svipað og Vernd. „Ég myndi vilja sjá annað hús með auknu frelsi. Ef menn stæðust þær kröfur sem settar eru hér þá færðust þeir í annað hús þar sem þeir hugsuðu meira um sig sjálfir. Ég sé fyrir mér hús þar sem menn sæju um sig sjálfir – elduðu ofan í sig sjálfa og bæru meiri ábyrgð á innkaupum og heimilishaldinu í húsinu. Menn ávinni sér þannig rétt til meira frelsis um leið og þeir axla meiri ábyrgð,“ segir Pétur sem vill líka sjá umbunarkerfi í fangelsunum sjálfum.



Mér finnst að fangar sem eru að ná árangri og standa sig vel í skólanum eigi hugsanlega að fá einhverja umbun.

# Menntun í fangelsum

„Það eina góða þarna inni“



Aðalheiður Dröfn, félagsfræðingur

5

4 Viðtal við Aðalheiði Dröfn Einarsdóttur

**Menntun í fangelsum „Það eina góða þarna inni,“ er titill á meistaraþrófsritgerð Aðalheiðar Drafnar Einarsdóttur við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Við vinnslu á ritgerðinni skoðaði hún viðhorf fimm einstaklinga sem stunduðu nám á meðan þeir afplánuðu dóma á Litla-Hrauni.**

„Ég hef mikinn áhuga á afbrotafraeði,- ég veit ekki af hverju en þetta er frekar furðulegt áhugamál,“ segir Aðalheiður sem kynntist afbrotafraeðinni fyrst í gegnum nám sitt í félagsfræði við Háskóla Íslands. „Ég fékk mikinn áhuga á þessum fræðum og í kjölfarið skrifaði ég BA ritgerð um konur og afbrot,“ segir Aðalheiður sem síðar öðlaðist kennsluréttindi og fór að kenna við Fjölbrotaskólann á Sauðárkróki þar sem hún ákvað að þróa áfanga í afbrotafraeði sem hún kennir nú við Menntaskólann í Hamrahlið. „Þegar ég fór í meistaranám ákvað ég að samþætta kennslufræði og félagsfræði og gerði það með því að finna þetta þverfaglega efni sem er menntun í fangelsum.“

**Annað en „lúserar“**

Við vinnslu á meistaraþrófsritgerð sinni um menntun fanga kom það Aðalheiði mest á óvart hversu lítið menntun í fangelsum hafði verið rannsökuð hér á landi. „Það er ekkert til um menntamál fanga. Engar rannsóknir eða neitt slíkt. Það sem kom mér mest á óvart eftir mína rannsókn var hversu gríðarleg áhrif námið hefur á þá einstaklinga sem það stunda á meðan á afplánun stendur. Þeir öðlast mun meira sjálfstraust og fannst þeir vera eitthvað annað en „lúserar“ eins og þeir orðuðu það sjálfir. Þeir fengu meiri trú á sjálfum sé og það opnast fyrir þeim annar heimur en sá sem þeir höfðu lifað í,“ segir Aðalheiður.

**Á beinu brautinni eftir námið**

Í ritgerð sinni ræddi Aðalheiður við fimm einstaklinga auk þess sem hún hittir fleiri sem stundað höfðu nám í fangelsi. „Þetta hafði klárlega mjög mikil áhrif á líf þeirra. Þeir höfðu allir lokið því námi sem þeir hófu í afplánun eða voru á góðri leið með það. Einn hafði klárað háskólanám og annar verkmenntun. Tveir voru að ljúka stúdentsprófi í vor og einn á eitthvað aðeins meira eftir. Þeir sáu allir fyrir endann á námi sínu og höfðu öðlast mikið

sjálfstraust til að stunda námið,“ segir Aðalheiður. Hún segir alla viðmælendur sína á einu máli um það að einn maður eigi meiri heiður skilinn fyrir árangur þeirra umfram aðra en það er Ingi S. Ingason sem hefur verið kennslustjóri á Litla-Hrauni og stutt fanga þar í námi með ráðum og dáðum. „Hann hefur greinilega verið að gera mjög góða hluti við að byggja námið þarna upp eins vel og hægt er og allir mínir viðmælendur voru sammála um hversu vel hann reyndist þeim,“ segir Aðalheiður.

**Frelsið hvetjandi**

Áður en útibú Fjölbrotaskólans á Suðurlandi var opnað á Litla-Hrauni tíðkaðist að fangar fengu að sækja námið út fyrir fangelsismúrana og voru keyrðir á Selfoss þar sem þeir gengu frjálssir til náms við Fjölbrotaskólann. Einn viðmælandi Aðalheiðar í ritgerðinni afplánaði á þessum tíma. Ljóst er á svörum hans að frelsið sem hann hlaut við þetta var hans helsta hvatning í náminu og þar af leiðandi varð það honum afar mikilvægt að vera til fyrirmyndar í fangelsinu og standa sig vel í skólanum því engu vildi hann fórn fyrir frelsið sem hann uppskar á meðan hann gekk í skólann. Þannig má því segja að umræddur fangi hafi hlotið talsverða betrun við þetta hvetjandi fyrirkomulag sem umbunaði honum með því að veita takmarkað frelsi til þess að geta stundað nám sitt utan fangelsis. „Það eru sumir sem geta alveg gengið í skóla þó þeir sitji í fangelsinu á Litla-Hrauni.

Þessi maður sem er um fimmtugt í dag er með þeim fyrstu sem stundaði nám út frá Litla-Hrauni. Það hefði hentað viðmælendum mínum betur að vera í opnara umhverfi og geta stundað námið að hluta til utan við fangelsið. Það eru bara svo fá úrræði hér og á meðan við fáum ekki fjármagn í nýtt fangelsi höfum við svo lítið svigrúm til þess að gera einhverja svona góða hluti.“

**Umbuna föngum í námi**

„Almennt séð finnst mér fangelsiskerfið hér vera frekar niðurneglt og gamaldags. En það sem við erum að sjá núna eru ákveðnar stefnubreytingar og við erum að horfa upp á úrræði í átt að betrun frá refsingarúrræðum. Mér finnst að fangar sem eru að ná árangri og standa sig vel í skólanum eigi hugsanlega að fá einhverja umbun.

Á þessum tíma var starfsmaður innan fangelsisins sem var fullgildur log- og rafsudumaður og kenndi hann föngunum iðn sína. Þessi kennsla tók skjótri þróun og var almennur áhugi fyrir henni.

**Árið 1978** var iðnskóladeild stofnuð á Litla-Hrauni í samstarfi við Iðnskólann á Selfossi. Þar með var skipulagt skólalald á framhaldsskólalag hafið á Litla-Hrauni.

**Árið 1980** var ráðinn fastur kennari til að sinna kennslu í bóklegum greinum við skólann auk þess sem kennarar komu frá Iðnskólanum á Selfossi.



Hvort sem það er að fara fyrr á Vernd eða að þeir fái að sækja skólann í meira mæli á Selfossi ef ég tala bara út frá þeim sem sitja á Litla-Hrauni. Auðvitað þurfa þeir að taka út sína dóma en samt sem áður verður að umbuna þeim með einhverjum hætti. Þeir eru ekki bara að gera eitthvað gott fyrir sjálfa sig heldur má líka líta á það í því ljósi að þeir séu að gera góða hluti fyrir samfélagið því þeir eru að minnka líkur á því að þeir valdi síðar einhverjum skaða. Þeir eru sjálfir að snúa við blaðinu og þar af leiðandi eru meiri líkur á að þeir fari að borga sína skatta og komi ekki aftur út í samfélagið sem glæpamenn,“ segir Aðalheiður og minnir á að nýlegar rannsóknir sýni að almenningur á Íslandi sé frekar refsiglaður og vilji almennt hertari refsingar og umræður um mannúlegri refsingaleiðir eða betrun hafi ekki endilega góðan hjómgrunn meðal almennings.

**Byggja upp en ekki brjóta niður**

„Samfélagið krefst þess að menn séu teknir úr umferð eftir að þeir hafa hlotið dóm. Það að svipta fólk frelsi er í raun ein mesta refsing sem hægt er að beita, - það að beita svo öðrum refsingum ofan á finnst mér í raun vera alveg út í hött. Við verðum að átta okkur á því að fangar eru fólk sem kemur aftur út í samfélagið. Við þurfum því að byggja þá upp en ekki brjóta þá niður. Það er mín skoðun. Við erum í raun að mínu mati að breytast frá því að reka hér refsingastofnun í það að þróa betrunarstofnanir fyrir fanga. Allar áætlanir sem til dæmis fangelsismálastofnun er með í dag eins og þessi nýja meðferðaráætlun og vistunarúrræði fyrir fanga gefur það mjög sterkt í skyn að við erum á leið í kerfi sem miðar að því að bæta einstaklinginn,“ segir Aðalheiður sem er mjög ánægð með þessa þróun en vill engu að síður sjá hlutina

**Árið 1981** breyttist starfsemi Iðnskólans á Selfossi og úr varð Fjölbrotaskólinn á Suðurlandi sem tók yfir kennslu á Litla-Hrauni en 14 fangar stunduðu nám við skólann fyrsta starfsárið. Nokkrir þessara fanga fengu að stunda fullt nám við skólann á Selfossi í upphafi skólalalds enda voru þeir komnir talsvert á leið með nám sitt.

**Árið 1990** var aðstaðan á Litla-Hrauni til náms bætt verulega og eftir það stunduð flestir fangar nám innan fangelsisins með fáum undantekningum þar sem fangar fengu að stunda námið á Selfossi. Með nýrri kennsluáðstöðu voru teknar í notkun þrjár kennslustofur auk kennarastofu. Skólinn á Litla-Hrauni er

gerast hraðar og telur nokkrum atriðum þurfi að breyta strax.

**Skóli allt árið**

„Ég myndi vilja hafa skólann starfandi allt árið um kring. Þeir nemendur sem stunda nám í fangelsum eru þarna allt árið og námið ætti ekki að vera bundið við haustönn eða vorönn. Ég myndi vilja sjá kennarana í fullu starfi á staðnum en ekki í hlutastarfi við tímakennslu. Námið þyrfti líka að taka meira mið út frá einstaklingnum og getu hans til náms. Það þyrfti að vera hægt að styðja betur við fanga sem eiga við námsörðugleika að stríða og þá sem skortir grunnmenntun. Ég myndi vilja sjá faggreinakennara í fullu starfi og stuðningskennara við að aðstoða þá sem eru líklegastir til þess að hætta í námi. Það þyrfti líka að vera önnur úrræði fyrir þá sem ekki vilja menntun eins og sjálfs-eflingar- og starfsþjálfunarnámskeið. Eða hvað eina sem kemur einstaklingnum til góða,“ segir Aðalheiður en hún telur líka mikilvægt að auka vægi iðngreina í náminu á Litla-Hrauni.

**Opið úrræði fyrir fanga á menntabraut**

„Trésmíðanám, rafvirkjun, stálsmíði og fleiri verkgreinar henta ákveðnum hópi betur,“ segir Aðalheiður sem finnst alveg koma til greina að senda fangana í iðnskóla á meðan þeir afplána dóma sína. „Að sjálfsögðu,- almennt séð er ég fylgjandi því, en að sjálfsögðu þyrfti að skoða hvert tilfelli fyrir sig. Að uppfylltum ákveðnum skilyrðum væri hægt að hleypra mönnum út til náms. Jafnvel að þeir þyrftu að vera búnir að ná ákveðnum árangri í námi sínu í fangelsinu. Með ákveðnum skilyrðum er ég hlynnt því. Maður þyrfti að sjálfsögðu að skoða hvern einstakling fyrir sig. Það segir sig hins vegar sjálft að það er samfélagslega hagkvæmt að við menntum þessa einstaklinga. Þeir eru þá að skila samfélaginu einhverju eins og sköttum en ekki að taka frá því,“ segir Aðalheiður en hún er almennt hlynnt því að sjá fleiri opin úrræði. „Við eigum að geta nýtt fleiri úrræði eins og Vernd fyrir þá sem eru að sýna framfarir og taka þá sjálfviljugu ákvörðun að vilja mennta sig. eru agaðir og vilja standa sig í náminu. Ég sé það alveg fyrir mér að hægt væri að vera með annað úrræði fyrir fanga sem eru staðráðnir í að mennta sig á meðan á afplánun stendur,“ segir Aðalheiður að lokum.

## Nám í fangelsi

Það er mikilvægt fyrir fanga að nýta tímann sinn vel á meðan afplánun stendur og reyna eins og hægt er að gera sér dagamun með einhverjum hætti. Þannig er tíminn fljóttari að líða og lífið verður gildismeira. Að stunda nám í fangelsi er góð leið til þess að nýta tímann en tiltölulega stutt er síðan byrjaði var að bjóða föngum upp á nám í fangelsum á Íslandi.

**Árið 1975** var fenginn kennari á Litla-Hraun frá Barnaskólanum á Eyrabakka til þess að kenna föngum almenn fög og undirbúa þá fyrir iðnnám.

ekki sjálfstæður skóli heldur útibú frá Fjölbrotaskóla Suðurlands á Selfossi. Kennslustjóri er Ingi S. Ingason.

**Árið 2006** Fjölmargir fangar á Íslandi stunda nú fjölbreytt nám. Einn er í fjar-námi í Verslunarskóla Íslands en fjarnám er talsverðum hindrunum háð þar sem fangar hafa ekki netaðgang í klefum sínum fyrir utan kennslustundir sínar. Fyrirhuguð er stækkun á kennslurými á Kviabryggju auk þess sem hafið er samstarf við nýja framhaldsskólann í Grundarfirði. Menntamálaráðherra hefur sett á fót nefnd til þróunar á menntamálum.



Fangelsiskerfið væri sprungið ef Vernd væri ekki til staðar. Ég tel Vernd vera gríðarlega gott úrræði og það þyrfti að huga að því hvernig hægt er að þróa það úrræði frekar.

Valtýr Sigurðsson var settur í starf forstjóra fangelsismálastofnunar 1. apríl árið 2004. Hann starfaði áður starfaði sem dómari í Héraðsdómi Reykjavíkur en hafði áður komið að stofnuninni sem settur forstjóri hennar árið 1998 -1999.

# Spennandi verkefni Valtýs

Netnotkun er ekki leyfð nema í tengslum við nám. Það er af öryggisástæðum og netnotkun býður upp á hættu á misnotkun á alla kanta.



Valtýr Sigurðsson á verkstæði á Litla-Hrauni

„Ég var beðinn um að gegna starfinu á meðan verið væri að leita eftir nýjum forstjóra. Það sem varð til þess að ég ákvað svo að sækja um starfið voru þau fjölmörgu verkefni sem þarf að vinna að næstu árin fyrir stofnunina, þau heilluðu mig og líka hvað starfsfólkið var áhugasamt,“ segir Valtýr sem starfaði til fjölda ára sem dómari þar sem hann dæmdi í fjölda sakamála. „Þetta eru mjög ólík störf. Dómari vinnur út frá mjög tæknilegum atriðum sem hafa lítið með viðkomandi persónu að gera. Þetta snýst við í starfi mínu í dag þar sem ég er fyrst og fremst að vinna með dæmdum mönnum, föngum og ættingjum þeirra,“ segir Valtýr sem hefur á stuttum tíma komið talsverðum umbótum á í fangelsiskerfinu. Hann virðist bera hag skjólstæðinga sinna fyrir brjósti og hafa sterka framtíðarsýn um að hér geti fangelsiskerfið orðið til fyrirmyndar.

„Ég tel það skyldu mína sem forstjóri stofnunarinnar að fylgjast með því sem er að gerast í fangelsunum, öðruvísi get ég ekki unnið mitt starf. Ég hlusta á fangana og hef átt ágætis samstarf við trúnaðarráð fanga sem hefur komið mörgu góðu til leiðar.“

Það hefur varla farið framhá neinum að húsnæðismál fangelsana hafa verið í brennideplinum upp á síðkastið. Þar hefur Valtýr farið fremstur í flokki við að þrýsta á úrbætur í húsnæðismálum fangelsa og byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði. „Það er búið að vinna gríðarlega mikið í þessum málum á þeim tíma sem ég hef verið hér. Ég trúi ekki öðru en að fjármagn fáiast á næstunni til þess að koma þessum málum í nútímalegt horf.“ Hann segir brýnast að klára framkvæmdir á Kviábryggju sem mun veita 6 ný pláss. „Stækkun á Kviábryggju kostar 32 milljónir og myndi breyta miklu. Það er líka mjög mikilvægt að laga fangelsið á Akureyri sem allra fyrst.“

## Mikilvægt hlutverk Verndar

Valtýr segir áfangaheimili Verndar gegna mikilvægu hlutverki og er það nú næststæsti afplánarstaður fanga þar sem að jafnaði eru 15 menn á síðustu mánuðum afplánunar. „Fangelsiskerfið væri sprungið ef Vernd væri ekki til staðar. Ég tel Vernd vera gríðarlega gott úrræði og það þyrfti að huga nánar að því hvernig hægt er að þróa það úrræði frekar,“ segir Valtýr. Það má segja að þrátt fyrir mikla umræðu um húsnæðisvanda fangelsa hafi það helst verið hlutverk Valtýs að fjalla um þau mál í fjölmiðlum. Lítið heyrir frá stjórnmalamönnum sem fáir sjá sína hagsmuni í því að þjóna minnihlutahópi fanga á Íslandi. Aðspurður telur Valtýr að þetta stafi ekki endilega af áhugaleysi eða refsileysi íslensku þjóðarinnar gagnvart föngum. „Fangelsin eru rekin sem einangraðar stofnanir fyrir fáa. Þar af leiðandi er fólk ekki með-

vitað um margt það góða starf sem er unnið í fangelsum. Ekki þó þannig að það endurspegli að fólk vilji refsistefnu fram yfir meðferðarstefnu. Þeir sem vinna í þessu kerfi verða að draga vagninn sjálfir. Þannig er það hér eins og annars staðar í nágrannalöndunum,“ segir Valtýr.

## Engin einkarekin fangelsi

Víða í Bretlandi og Bandaríkjunum eru starfrækt einkarekin fangelsi. Aðspurður segir Valtýr engar hugmyndir um að slík fangelsi hér. Þó áfangaheimili Vernd sé í sjálfu sér ekki rekið sem fangelsi er starfsemin þar að mörgu leyti lík því sem þekktist í svokölluðum opnum fangelsum erlendis en Vernd er starfrækt af frjálsum hugsjónarsamtökum. „Verndarúrræðið er mjög gott en við höfum átt fullt í fangi með að greiða Vernd fyrir þá þjónustu sem þeir veita,“ segir Valtýr.

## Netnotkun bönnuð

Í fangelsum landsins er aðgangur að veraldarvefnum ekki heimilaður sem sumir vilja meina að sé til mikilla óþæginda fyrir fanga sem stunda nám í fangelsum og það sé jafnvel ekkert óeðlilegt við að leyfa föngum almenna notkun á veraldarvefnum þar sem frelsissviptingin sem slík sé næg refsing. „Netnotkun er ekki leyfð nema í tengslum við nám. Það er af öryggisástæðum og netnotkun býður upp á hættu á misnotkun á alla kanta,“ segir Valtýr en bendir á að nefnd um framtíðarstefnu fangelsa sé meðal annars með þessu mál í skoðun.

## Stefnumótun Fangelsismálastofnunar

**Snemma árs 2005 kynnti Valtýr Sigurðsson forstjóri Fangelsismálastofnunar stefnumótunarvinnu sem farið hafði fram innan stofnunarinnar fyrir dómsmálaráðherra og forstöðumönnum undirstofnana ráðuneytisins. Hér eru nokkur brot úr þeirri fram-sögu Valtýs.**

*Það að vera dæmdur til fangavistar ætti að þýða eins konar endapunktur í lífi sérhvers manns. Ekki endapunktur í þeim skilningi að lífið sé búið. Nei, endapunktur í þeim skilningi að því lífsviðhorfi, þjóðfélagslegu afstöðu eða lífsstíl viðkomandi, sem leiddi til þess að svona er komið fyrir honum, sé lokið. Nú þurfi einhver breyting að eiga sér stað hjá honum sjálfum. Ef viðkomandi áttar sig á þessu, er tilgangi refsingar að stórum hluta náð út frá þjóðfélagslegu sjónarmiði. En um leið og hann stendur á þessum tímamótum er mikilvægt að fyrir hendi sé aðstaða, fagleg þjónusta og vilji til að mæta þessari stefnubreytingu hans. Þetta er inn-takið og hugsunin á bak við stefnumótun Fangelsismálastofnunar.*

### Stefnumótun

Tilgangur með rekstri fangelsa er að fullnusta refsíðoma þannig að dæmdir menn taki út þá refsingu sem þeim hefur verið ákvörðuð í dómi. Því er meginmarkmið stofnunarinnar:

„Að afplánun fari fram með öruggum hætti þannig að réttaröryggi almennings sé tryggt og tilætlun sérstök og almenn varnaðaráhrif fangelsisvistarinnar séu virt.“

Og er þetta nokkurt vandamál, kann að verða spurt. Er ekki bara að reisa rammgerð fangelsi, hringlaga háar girðingar og múra og skella síðan í lás? Nei, svo einfalt er lífið ekki. Við þurfum að hugsa mun lengra. Fangar eiga, eins og við öll, maka, foreldra, börn og ættingja og sem betur fer snúa fangar aftur út í samfélagið að refsivist lokinni. Það gefur því auga leið að það er þjóðfélagslega hagkvæmt að setja sér það markmið:

„Að draga úr líkum á endurkomu fangans í fangelsi vegna nýrra afbrota.“

Með þessu markmiði erum við að gera miklar kröfur til stofnunarinnar. Við erum að segja: Við berum ábyrgð á þessum „viðskiptavinum“ okkar einnig eftir að afplánun og reynslulausn lýkur. Við berum sem sagt ábyrgð á föngum gagnvart samfélaginu.

Við teljum, að allir þeir fjármunir sem í fangelsismál fara; vinna starfsmanna stofnunarinnar og fangelsanna eigi að skila einhverju til samfélagsins, þ. e. að bæta það samfélag sem við búum í.

Þetta þýðir í raun að við viljum að fangar eigi betri möguleika, eftir fangavistina, til að geta lifað lífinu án afbrota.

Það gefur auga leið að það er óásættanlegt ef möguleikar þeirra eftir afplánunina væru minni, þ. e. að fangar biðu tjón af fangavistinni. Að mínu mati er heldur ekki ásættanlegt að möguleikarnir séu jafn góðir, það væri einfaldlega að setja markið of lágt. Nei þeir eiga að hafa betri möguleika. Við höfum þar með viðurkennt hugtakið „betrun“ í fanga-vist, en það hugtak hefur vart mátt heyrast nefnt í þessum málaflokki. Allt starf í fangelsunum og hjá Fangelsismálastofnun á því að taka mið af þessu markmiði og í það minnsta má ekkert í starfi okkar vera í andstöðu við það.

### Úrbætur sem tillögur:

Byggt verði 54 klefa fangelsi á Hólmsheiði. Þar yrðu fangadeildir fyrir gæsluvarðhald, móttöku, og meðferð/afeitrun ásamt sjúkadeild.

Fangelsið Litla-Hrauni verði endurbætt verulega. Heimsóknaraðstaða verði stórbætt og gert ráð fyrir mismunandi öryggisstigi.

Fangelsið Kviábryggja verði stækkað úr 14 í 20 fangapláss.

Fangelsið Akureyri verði stækkað um 2 klefa og verulegar endurbætur gerðar.

Við viljum sem sagt byggja nýtt fangelsi þar sem fyrst og fremst verður lögð áhersla á afeitrun - með stuðningi fagaðila utan fangelsis. Við viljum byrja þá vinnu við upphaf afplánunarferilsins í stað þess að vera með hana í lokin eins og nú er. Framhaldið ræðst síðan af árangrinum þ. e. vistun í öðru fangelsi eða á öðrum stofnunum.

Við viljum ráðast í verulega uppbyggingu á Litla-Hrauni þar sem aðaláhersla verður lögð á vinnu fyrir fanga og möguleika á námi. Leggja þarf áherslu á mismunandi öryggisþörf á deildum og lóð fangelsins.

Við viljum stækka Kviábryggju um 6 pláss til að auka vistun við opnar aðstæður en á því er mikil þörf.

Við viljum stækka og breyta Fangelsinu Akureyri þannig að það hæfi nútímalegum rekstri. Annars á að loka því.

Í öllum fangelsunum eiga aðstæður að vera þannig að unnt sé að vista þar bæði konur og karla.

Við viljum leggja niður Hegningarhúsið og Fangelsið að Kópavogsbraut 17.



Í fjárlögum ársins 2006 var gert ráð fyrir að rekstur Fangelsismálastofnunar ríkisins kosti 847,9 m.kr. Þar af leggi ríkissjóður fram 818,1 m.kr. en 29,8 m.kr er gert ráð fyrir að afla sé með sértekjum.

Rekstri fangelsiskerfisins er skipt í sjö fjárhagseiningar. Eru það fangelsin fimm: Fangelsið á Litla- Hrauni, Fangelsið að Kvíabryggju, Fangelsið á Akureyri og fangelsin tvö á höfuðborgarsvæðinu, Hegningarhúsið og Fangelsið að Kópavogsbraut 17, yfirstjórn Fangelsismálastofnunar, Fangavarðaskóli ríkisins og aðrar stofnanir er vista fanga, aðallega áfangaheimili Verndar.

Á árinu 2005 skiptist rekstrarkostnaðurinn sem að neðan greinir:

	Rekstrarkostn.	Skipting %
Fangelsismálastofnun, yfirstjórn	98,2	12,3
Fangelsin á höfuðborgarsvæðinu	173,5	22,1
Fangelsið á Litla-Hrauni	401,5	51,2
Fangelsið á Kvíabryggju	69,3	8,8
Fangelsið á Akureyri	28,1	3,6
Vistun utan fangelsa o.fl.	12,6	1,6
Fangavarðaskóli ríkisins	0,7	0,1
<b>Samtals:</b>	<b>783,9</b>	<b>100,0</b>

Launakostnaður vegur eins og víðast hvar í ríkisgeiranum langþyngst í rekstrarkostnaði fangelsiskerfisins eða 70,5%. Matur fanga vegur tæp 12% þannig að þessir tveir liðir eru 81% útgjaldanna. Allir aðrir rekstrarliðir ná þannig samtals um 18% hlutdeild.

	Rekstrarkostnaður	Skipting %
Laun	560,3*	71,5
Matur	87,9	11,2
Tölvur, sími o.fl.	27,0	3,4
Húsnæði	43,3	5,5
Annar kostnaður	65,4	8,4
<b>Samtals</b>	<b>783,9</b>	<b>100,0</b>

Rekstrarframlag til Fangelsismálastofnunar hækkaði um 62,4 m.kr. milli árana 2004 og 2005 að frátöldum launa- og verðlagsbreytingum. Hækkunin var einkum til þess að mæta tekjutapi vegna breyttrar verðlagningar á bílnúmeraplötum sem fangar framleiða. Stofnuninni hefur nú verið gert að selja þær á kostnaðarverði en hafði áður verulega framlegð af sölu.

\*Þar af þóknun til fanga 34,8 m.kr.

Upplýsingar fengnar á vef Fangelsismálastofnunar - fangelsi.is.



**Fangelsið á Litla-Hrauni** tók til starfa árið 1929 og er langstærsta fangelsið. Þar er rými fyrir 87 fanga sem er um 63% alls fangarýmis á landinu. Elsti hluti fangelsisins var upphaflega byggður sem sjúkrahús en var aldrei notaður sem slíkur. Fangelsið á Litla-Hraun er einnig notað sem gæsluvarðhalds- og afplánunarfangelsi. Uppbygging hefur staðið allar götur frá því að fangelsið hóf göngu sína og eru byggingarnar þó nokkrar á svæðinu.

Möguleikar til íþróttaiðkunar eru fjölbreyttari en í öðrum fangelsum landsins. Þar er góður íþróttasalur þar sem hægt er að leika flestar boltaiþróttir og líkamsræktaraðstaða. Á lóðinni er fótboltavöllur, hlaupa- braut og körfuboltaaðstaða.

#### Vinna fanga

Helstu verkefni eru vörubrettasmíði, hellusteypa, almenn þrif innan fangelsisins, þvottahús, skrábúta- framleiðsla, skjalaöskjuframleiðsla, bílnúmera- og skiltagerð, samsetning í járn- og trésmíði og bón og þvottur bíla.

#### Nám

Fjölbrautaskóli Suðurlands hefur umsjón með skóla- haldi fanga í fangelsinu, námsframboð er sambærilegt við það sem tíðkast í fjölbrautaskólum.

#### Símatímar

Símatímar út eru um helgar frá kl. 10:00 til kl. 21:30. Á virkum dögum kl. 11:30 til 12:30 og frá 15:00 til 21:30. Símtöl til fanga eru afgreidd á þriðjudögum, fimmtu- dögum og laugardögum kl. 18:00 til 21:30.

#### Heimsóknir

Fangi getur fengið eina heimsókn á viku frá nánustu vandamönnum. Þá getur fangi sótt um heimsóknar- leyfi fyrir aðra aðila og er það háð samþykki yfirmanna fangelsisins. Fangi þarf að panta tíma fyrir heimsóknir skriflega á þar til gerðu eyðublaði. Heimsóknir fara fram milli kl. 13:00 og 16:30 nema mánudaga og þriðjudaga. Heimsókn fer fram í sérstöku heimsókn- arherbergi.





# Hegningarhúsið

## Skólavörðustíg



Hegningarhúsið er við Skólavörðustíg og hefur verið í notkun frá árinu 1874. Fangarýmum var fækkað úr 23 árið 1989 niður í 19 vegna kröfu heilbrigðisyfirvalda. Í dag er rými fyrir 16 fanga og þar af eru tvö fyrir fanga í einangrun.

Hegningarhúsið er eina fangelsið sem er byggt sem slíkt og er enn í notkun 130 árum síðar. Aðstaða til líkamsræktar eða tómstundavinnu er lítil sem engin, en þar er þó allstór garður með sparkvelli og einu körfuboltaspjaldi. Fangar fá að fara í útivist frá 9.30 til 10.00 og síðan seinnipart dags frá 16.30 til 17.00 alla daga vikunar.

### Heimsóknartímar

Fangi getur fengið eina heimsókn einu sinni í viku og þá tvo tíma í senn. Hægt er að velja um þrjár tímasetningar þ.e. kl. 10.00 – 12.00, 13.30 -15.30 eða 17 – 19.00.

### Símatímar

Sex daga vikunnar, mánudaga – laugardaga. Símatímarnir eru á milli 17.00 og 20.00 á kvöldin. Þá má hringja eitt 10 mínútna símtal eða tvö 5 mínútna símtöl á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum.

### Önnur úrræði

Fangelsismálastofnun getur leyft fanga að ljúka afplánun utan fangelsis ef hann stundar vinnu eða nám sem stofnunin hefur samþykkt, búi á sérstakri stofnun eða heimili þar sem hann er undir eftirliti og vinnan eða námið er liður í aðlögun hans að samfélaginu á ný. Fangelsismálastofnun setur nánari reglur um forsendur og skilyrði slíkrar vistunar. Skal fangi samþykka skriflega skilyrði fyrir vistuninni.

Dæmi um staði þar sem fangar afplána síðustu mánuði eru: Sólheimar í Grímsnesi - Byrgið við Efri Brú í Grímsnesi auk þess sem fongum gefst kostur á að afplána í meðferð hjá SÁÁ og í Hlaðgerðarkoti. Flestir fangar sem nýta sér afplánun utan fangelsis eru á áfangaheimili Verndar við Laugateig 19.

# Fangelsið

## Akureyri



Fangelsið á Akureyri er í húsnæði lögreglunnar á Akureyri og hefur verið þar frá árinu 1978. Lögreglustöðin er að hluta til notuð sem refsivistarstofnun. Þar eru oftast vistaðir þeir sem eru í stuttan tíma. Engin aðstaða er til tómstunda eða náms.

Í Fangelsinu eru 9 fangarými. Fangar hafa aðgang að setu- stofu með eldhúsaðstöðu, sjónvarpi og búnaði til þrekæfinga og lyftinga. Útivist er af skornum skammti, en hún fer fram í opnu rými sem er í miðri byggingu lögreglustöðvarinnar.

### Heimsóknartímar

Laugardögum og sunnudögum frá kl. 13 til 16 og á miðvikudögum milli 20 og 22

### Símatímar

Frjálsari en gengur og gerist um símatíma fangelsa og er hægt að hringja til kl. 22.00 í fanga í fangelsinu á Akureyri.

### Dvöl á Vernd

Vernd er áfangaheimili en ekki fangelsi þótt starfsemin þar sé að mörgu leyti lík svokölluðum opnum fangelsum sem þekkjast erlendis.

Frá árinu 1995 hefur Fangelsismálastofnun vistað fanga á áfangaheimili Verndar að **Laugateigi 19** í Reykjavík samkvæmt samkomulagi við Félagasamtökin Vernd, fangahjálpinna. Markmið þessa úrræðis er meðal annars að fanganum gefist kostur á því að aðlagast samfélaginu smám saman síðustu mánuði refsivistarinnar. Fangelsismálastofnun metur hvort umsækjandi uppfylli skilyrði til afplánunar á áfangaheimilinu.

Forsendan fyrir því að fangi fái að afplána á áfangaheimilinu er að hann samþykki þau skilyrði sem gilda um vistun þar og undirriti samning þar um.

# Fangelsið

## Kópavogi



Árið 1989 var fangelsið í Kópavogi tekið í notkun og er oftast kallað Kvennafangelsið í Kópavogi en þar eru vistaðir kvenfangar jafnt sem karlfangar. Í fangelsinu eru 12 fangarými á sumrin en 11 á veturna en þá er eitt herbergjanna notað sem skólstofa. Húsið er á þremur hæðum og er vinnu- og líkamsræktaraðstaða á neðstu hæð. Setu- stofa með eldhúsi og sjónvarpi er á miðhæð. Vinnan sem stunduð er þar hefur að mestu verið fölgin í sérverkefnum fyrir fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, þá er einnig þvottahús sem unnið er við. Þá hefur fongum verið gefinn kostur á því að stunda nám í fangelsinu á vegum Menntaskólans í Kópavogi. Útivist er í fangelsisgarðinum frá kl. 12.00 til 13.00, nema laugardaga og sunnudaga frá kl. 10.00 til 11.00.

### Heimsóknartímar

Fangi getur fengið eina heimsókn einu sinni í viku og þá tvo tíma í senn. Fjöldi gesta er að hámarki 3 og skulu þeir koma og fara á sama tíma. Óski fangi þess að fá aukaheimsókn er einnig hægt að sækja um það hjá varðstjóra.

### Símatímar

Alla virka daga frá 08:30 –til 09.00, 11:30 til 12:30 og 16:00 til 21:00. Um helgar eru símatímar frá 09:00 til 21:00.

Telji Fangelsismálastofnun umsækjanda ekki uppfylla skilyrði til vistunar á Vernd er sú ákvörðun kæránleg til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

Auk samþykkis Fangelsismálastofnunar er afplánun á áfangaheimilinu háð því skilyrði að húsnefnd Verndar samþykki umsóknina. Telji húsnefnd umsækjanda ekki hæfan til afplánunar á áfangaheimilinu er sú ákvörðun endanleg.

Rjúfi fangi þau skilyrði sem honum eru sett fyrir vistun utan fangelsis getur Fangelsismálastofnun ákveðið að hann verði fluttur aftur í afplánun í fangelsi. Sama gildir telji stofnun eða heimili brostnar forsendur fyrir áframhaldandi dvöl fanga þar. Um vistun þessa gilda reglur um afplánun á áfangaheimili Verndar.

# Kvíabryggja

## Grundarfirði



Frá árinu 1954 var fangelsið á Kvíabryggju notað að mestu til vistunar þeirra sem skulduðu meðlög og barnalífeyri. Fyrsti refsifanginn var sendur þangað árið 1963 og hefur Kvíabryggja þjónað þeim tilgangi allar götur síðan. Vinna hefur helst tengst sjósókn, en einnig falla til ýmis störf. Beiting og felling neta hefur þó verið uppistaða vinnu þegar vertíð stendur, þá er unnið við viðgerðir á fiskikörum ásamt brettasmið. Fangelsið hefur mikla sérstöðu hvað varðar fangelsi á Íslandi. Þar ríkir meira frelsi og geta menn farið frjálsir ferða sinna um land Kvíabryggju.

### Heimsóknartímar

Fangar mega fá heimsókn á sunnudögum frá kl. 9.00 – 18.00. Heimsóknarleyfi aðra daga er hægt að sækja um til forstöðumanns.

### Símatímar fanga

Símatími fanga er á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá kl. 19:00 – 21:00. Við það er miðað að hvert símtal taki um 15 mínútur. Fongum á Kvíabryggju er heimilt að hafa farsíma.



Áfangaheimili Verndar að Laugateigi 19



# Í fangelsi Kambódíu

12

Kambódískt samfélag á enn langt í land með að jafna sig eftir stríðshörmungar undanfarinna áratuga. Þessi fyrrum perla suð-austur Asíu eins og landið var gjarnan nefnt forðum hefur kynnst því hve gæfan getur oft á tíðum verið fallvölt.

Eftir // Odd Malmberg, guðfræðing

Kambódía á landamæri í austri að Vietnam og kom Vietnam stríðið illa við Kambódíu og að mörgu leyti ruddi þannig veginn fyrir einum mestu þjóðarhörmungum síðustu aldar þó margt hafi komið til og ekki verður rakið hér. Margir þekkja þessa sögu vel. Rauðu Khmerarnir tóku völdin að fullu í landinu með hertöku Phnom Penh, höfuðborgar landsins þann 17. apríl 1975. Öllum íbúum borgarinnar var vísað út úr borginni og út á akrana að vinna og það sama gildi um aðrar borgir og bæi í landinu. Griðarleg mannréttindabrot voru hér framin, pyntingar, dráp, þrælkun og almennur sultur voru daglegt brauð. Peningum var útrýmt úr samfélaginu með táknrænum hætti, seðlabanki landsins var einfallega sprengdur í loft upp að fyrirskipan hinna nýju yfirvalda. Öllu sem minnti á vestræna menningu skyldi eytt úr samfélaginu. Menntun var útrýmt, menntastétt landsins ofsótt og þekkingu landsins var nánast eytt. Þjóðinni var kippt aftur um margar aldir, árið var 0 og skyldi byrja að telja upp á nýtt. Þegar Vietnamar hröktu Rauðu Khmerana frá völdum í ársbyrjun 1979 voru nærri tvær milljónir manna látnar eða um fjórðungur þjóðarinnar. Borgarastyrjöld geysaði þó áfram sem lauk ekki fyrr en með friðarsamkomulagi, undirrituðu og kennt við París 1991.

## Mannréttindabrot daglegt brauð

En þó meir en aldarfjórðungur sé liðinn frá valdatíð Rauðu Khmeranna á samfélagið enn langt í land. Fátækt er almenn hér enda Kambódía eitt fátækasta ríki Asíu. Tækifæri til menntunar er enn sem komið af skornum skammti og lífsbáttan hörð. Á sama tíma er hins vegar spilling griðarleg meðal þeirra sem með völdin fara og virðist sem bilið meðal þeirra fáu sem allt hafa og hinna sem ekkert hafa, breikka með hverju árinu. En þrátt fyrir það er erftirtektarvert að sjá hversu gláðlynt fólk hér er. Hver sem verður á vegi manns, tekur á móti manni með bros á vör og maður heyrir engan kvarta. Khmerar virðist hafa þann eiginleika að vilja komast af í lífinu og ekki ólíklegt að að sagan hafi kennt þeim það.

En mannréttindabrot eru hér enn daglegt brauð og líklega hvergi algengari en í yfirfullum fangelsum landsins. Það virðist því miður alltaf vera raunin, hvar sem í veröldinni er, að aðbúnaður fanga er ætíð það sem er látið sitja á hakanum og síðast er hlúð að.

## Lítið sameiginlegt með fangelsum á Íslandi

Fangelsi Kambódíu er einmitt sá vettvangur sem ég hef starfað við síðan í janúarbyrjun á þessu ári hjá mannréttindastofnun sem ber nafnið LICADHO (Cambodian League for the Promotion and Defence of Human Rights, vefslóð <http://www.licadho.org>). Þessi stofnun hefur verið starfrækt hér síðan 1992. Sjálfur hafði ég nokkur kynni af fangelsismálum heima á Íslandi áður en ég kom hingað út, bæði í tengslum við nám mitt forðum, auk þess sem ég starfaði sem sjálfbóðalið fyrir Sjálfbóðadeild Rauða Kross Íslands á Litla-Hrauni og að Réttargæsludeildinni að Sogni, Ölfusi sem heimsóknarvinur um nokkurra ára skeið. En það er lítið sameiginlegt með fangelsum þessarra tveggja mjög svo ólíku landa og fátt sem gat undirbúið mig undir starf í því þrúgandi umhverfi sem fangelsin í Kambódíu eru. Það er þó tvennt sem má telja að sé líkt í fangelsismálum með þessum tveim svo ólíku þjóðum:



**Oddur Malmberg** guðfræðingur hafði starfað sem sjálfbóðaliði í fangelsum hér á Íslandi áður en hann hélt til starfa í Kambódíu. Hann segir fátt hafi getað undirbúið hann fyrir þann þrúgandi veruleika sem beið hans í fangelsum ytra þar sem hann starfar nú.

13

Það fyrra er í raun það sem allir fangar eiga sameiginlegt, hvar í heiminum sem þeir eru: frelsisviptingin og það sem henni fylgir. Með frelsisviptingunni hverfa nær öll eðlileg samskipti við fjölskyldu og ástvini, auk þess sem viðkomandi er tímabundið ekki þátttakandi í hinu venjubundna lífi utan fangelsisveggjanna.

Í staðinn tekur við hinn þröngi daglegi rammi sem fangelsuninni fylgir auk ótalmargra annarra vandamála sem fangar verða að glíma við. Reynir þá á, jafnt líkamlega sem og andlega. Ekki má heldur gleyma þætti aðstandenda sem kljást einnig við hina margvíslegu erfiðleika þó aðrir séu.

Í annan stað er, að rödd almennings gerist æ háværi um að dómur yfir þeim sem brjóta gegn lögum og reglum samfélagsins séu allt of léttvægir og ber að refsa harðlega fyrir afbrot. Menn skulu hljóta makleg málagjöld. Það virðist því miður engu máli skipta hvar í veröld menn búa, mannskepnan virðist ætíð tilbúin að dæma náunga sinn.

En það sem gerir aðstæður í Kambódíu nokkuð sérstakar er að hér þrífst mútukerfi innan alls samfélagsins sem gerir það að verkum að þeir sem einhverjar bjargir hafa fara ekki í fangelsi. Það eru einungis hinir fátæku sem ekkert hafa sem hljóta dóma auk pólitískra andstæðinga stjórnvalda, en hinir borga sig út.

## Dómar að lengjast

Lengd dóma hér í Kambódíu hefur nær tvöfaldast í öllum mála-flokkum á undanförunum árum og eru því fangelsi landsins þéttsetin um þessar mundir. Ekki þó svo að skilja að afbrotatíðni sé eitthvað verulega há nú um stundir eða hærrí en áður, því fjöldi fanga segir lítið um þá tíðni. En nærri má ætla að fjöldi fanga á hverja 100.000 íbúa hér í Kambódíu sé um 75 fangar, svo notuð sé alþjóðleg viðmiðun. Á móti eru um 40-45 fangar á Íslandi á hverja 100.000 íbúa sem þykir reyndar tiltölulega lág tíðni. En þó að lengd dóma hafi tvöfaldast og fjölmörg lög hafi verið samþykkt á kambódíska þinginu á síðustu mánuðum sem taka á sérhverri hegðun sem ekki er ásættanleg að mati yfirvöldna er engin stefna enn sem komið í fangelsismálum landsins. Karlar, konur og börn eru dæmd bak við lás og slá í tiltekin tíma en aldrei er hugsað til þess að þessir sömu einstaklingar eigi eftir að stíga út í frelsið á nýjan leik og eigi rétt á mannsæmandi aðbúnaði á meðan á frelsisviptingunni stendur.

## Yfirfull fangelsi

Starf LICADHO í fangelsum landsins fellst í því að fylgjast með aðbúnaði fanga sem er í öllum atriðum slæmur og reyna að bæta með einhverjum hætti. Fangelsin eru yfirfull, þeim er illa haldið við og er óþrifnaður mikill í þeim. Máltíðir eru einungis tvisvar á dag og sums staðar aðeins rigningarvatn til drykkjar. Lyktin er oftast nær yfirþyrmandi og það er fátt sem er til dægurstyttingar. Tíminn hlýtur að standa í stað.

Þær aðferðir sem helst eru notaðar til að bæta aðstæður er að benda yfirvöldum á vandann og vona að þau leggi við hlustir, auk þess að skrifa til sendiráða, þrýstihópa og annarra og benda á aðstæður, með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn LICADHO taka einnig um 2.500 viðtöl við fanga á ári hverju og safna þannig upplýsingum um kjör fólks bak við lás og slá, allt frá því hvort fangar hafa aðgang að lögfræðingi, lækniþjónustu eða hreinlega nægum mat og vatni.



Þannig hefur LICADHO á sínum snærum bæði lækna og lögfræðinga sem og annað sérfræðimenntað fólk sem hefur ærinn starfa innan fangelsanna.

Það sem sló mig í upphafi er hversu troðin fangelsin eru hérna. Í landinu eru 26 fangelsi, flest byggð fyrir mörgum áratugum og því komin til ára sinna og rúma í heild um 5.500 – 6.000 fanga. Fangafjöldinn er nú samt sem áður í kring um 10.000 og fjölgar hratt. Má ætla að hann hafi tvöfaldast á síðustu fjórum eða fimm árum. Árið 2004 skar Hun Sen forsætisráðherra landsins upp herör gegn hvers kyns frávikum með stefnu sinni „iron fist“ sem má útleggjast sem „járnhefinn“ á okkar ástkæra ylhýra. Á fyrstu mánuðum eftir þessa stefnubreytingu jókst fjöldi fanga um 30%. Svo hart er tekið á minnstu frávikum að ef maður er sekur um að stela fiskbita á markaðinum er refsiramminn þrjú til fimm ár bak við lás og slá. Lítið hefur verið gert til þess að bregðast við þessari þróun, ekkert er byggt af nýjum fangelsum, samfélagsþjónusta þekkist ekki hér enn sem komið er og því eru fangelsin þéttsetin. Þéttsetin mestmegnis af fólki sem minnstar hefur bjargirnar og sök þess er sú ein að vera fátæk og geta ekki brauðfætt börnin sín.

## 50 fangar í klefa

Ekki er óalgennt að 50 manns deili með sér klefa sem er vart stærri en 50-60 fermetrar. En auðvitað eru aðstæður mismunandi í hverju héraði. Þar sem best lætur eru um 20-25 fangar um einn klefa deila með sér einu salerni. Í Kompong Thom héraði, og um 100 km norður af höfuðborginni er ástandið einna verst. Fangelsið þar, einn stór klefi, var byggt fyrir um öld fyrir 40 fanga og er á stærð við einn tennisvöll. Þar eru nú 133 fangar þegar þetta er skrifað, og fermetrafjöldi undir einum fermetra á hvern fanga. Flestir þar inni eru illa haldnir af malaríu auk annarra sjúkdóma. Við svo þröngan kost þurfa menn að sofa á vöktum. Til þess að spara gólfplássið er gripið til þess ráðs að hengja allar föggur manna upp á vegg og loft því gólfplássið er dýrmætt.



# Í fangelsi Kambódíu



## Vernd þakkar stuðninginn



Símar: 551 2992 og 551 4106



Útivist er tvisvar í viku, tvo tíma í senn. Vart er hægt að hugsa sér verri aðbúnað og stendur maður ráðþrota frammi fyrir slíkum raunveruleika. Algjörlega ráðþrota yfir þeirri meðferð sem fólk telur að sé fólki sem brýtur lög samfélagsins samboðið. Það er stundum illskiljanlegt hvernig mannfólkið kemur fram við hvert annað.

### Börn í varðhaldi

Enginn unglingadómstóll er í landinu enn sem komið er og þau börn og unglingar, allt niður í 13 ára aldur, sem komast upp á kant við lög eru dæmd sem fullorðnir einstaklingar. Kambódísk lög gera ráð fyrir að halda megi börnum og unglingum í varðhaldi í tvo mánuði án dóms. Oft kemur þó fyrir að þeim er haldið mun lengur. Athuganir og viðtöl við börn og unglunga sýna fram á að meirihluta þeirra er misþyrmt af lögreglu í varðhaldinu nánast frá fyrsta degi eftir handtöku, bæði með barnsmíðum auk rafmagnsstraums til þess að knýja fram játningar. Í Kambódíu þar sem meirihluti fólks býr við mikla fátækt eru litlir möguleikar fyrir aðstandendur að veita aðstoð, hvað þá heldur að ráða lögfræðing.

Fjölmargir unglingar hafa nefnt byssuhlaup við gagnaugað við yfirheyrslur og er auðvelt að ímynda sér að flest börn og unglingar mundu játa nánast hvað sem er undir slíkum kringumstæðum, hvort sem um sekt eða sakleysi er að ræða. En hér hirða yfirvöld ekki um slíkt og ef játning liggur fyrir þarf dómari vart að skoða málið frekar. Viðkomandi er dæmdur. Fyrir lítið búðarhnuþl hljóma dómur frá þremur upp í fimm ár í fangelsi og flest

þessi börn eru dæmd án nokkurrar aðstoðar lögfræðinga þótt hjálparstofnanir reyni eftir fremsta megni að koma til aðstoðar. Sannleikur málsins er að einungis í fáum tilfellum næst að finna lögfræðing til þess að vera þessum börnum og unglingum innan handar. Engin úrræði eru til þess að vista unga dómpóla í unglingafangelsum né veita þeim menntun eða aðstoð í formi endurhæfingar og deila þeir því klefa með fjölmörgum öðrum, fullorðnum sem jafnöldrum.

Kambódía stendur á krossgötum. Nú hillir í að langþráð réttarhöld fari fram á næsta ári yfir þeim forsvarsmönnum Rauðu Khmeranna sem enn eru á lífi, sakaðir um glæpi gegn mannkyni. Vonandi er að réttarhöldin nái að sameina þjóðina og hún nái loks að horfa fram á veginn eftir þau ósköp sem hún hefur búið við undanfarna áratugi. Að þjóðin nái að fíkra sig upp á við til betri lífskjara öllum íbúum landsins til handa og að þetta fallega land nái fyrri stöðu sem perla suð-austur Asíu. En til þess að svo megi verða, verður að jafna kjörin í landinu. Vonandi er að þeir sem með völdin fara sjái að sér og fari að þjóna fólkinu í landinu í stað þess að þjóna einungis sjálfum sér. Að mörgu ber að hyggja þegar hlúa á að framtíðinni, og einn af þeim þáttum er að sinna betur fangelsismálum landsins. Yfirvöldum þarf að verða það ljóst, að það er hagur heildarinnar, alls samfélagsins, að þeir sem búa um ákveðinn tíma við frelsisskerðingu sem ávallt fylgir fangavist, búi við mannsæmandi aðstæður. Gildir það alls staðar hvar í veröld sem menn búa.

Oddur Malmberg, guðfræðingur

**AM Praxis**  
Nóatúni 17 - 105 Reykjavík  
**Arnardalur**  
Þinghólsbraut 58 -  
200 Kópavogur  
**Aseta**  
Tunguhálsi 19 - 110 Reykjavík  
**Arnesprófastsdæmi**  
Túngötu 20 - 820 Selfoss  
**Bedco & Mathiesen** Bæjar-  
hrauni 10 - 220 Hafnarfirði  
**Betra Líf Kringlunni**  
Kringlunni 4-6 - 103 Reykjavík  
**Bifreiðastöð**  
**Þórðar Þ Þórðarsonar**  
Dalbraut 6 - 300 Akranesi  
**Bifreiðaverkstæði Friðriks**  
Smiðjuvegi 14 - 200 Kópavogi  
**Blikkás**  
Skemmuvegi 36-200 Kópavogi  
**Blikksmíðja Harðar**  
Eldshöfða 155 - 112 Reykjavík  
**Borgarbyggð**  
Borgarbraut 11-13  
310 Borgarnesi  
**Bókasafn Kópavogs**  
Fannbrú 3-5 - 200 Kópavogi  
**Brim**  
Tryggvagötu 11 - 101 Reykjavík  
**BSRB**  
Grettisgötu 89 - 101 Reykjavík  
**Efling Stéttarfélag**  
Sætlúni 1 - 105 Reykjavík  
**Eignamiðlun**  
Síðumúla 21 - 108 Reykjavík  
**Eldhestar ehf**  
Völlum - 810 - Selfossi  
**Endurvinnslan**  
Knarrarvoggi 4 - 104 Reykjavík  
**Fasteignisalan Ás**  
Fjarðargötu 17 - 220 Hafnarfirði

**Faxaflóahafnir**  
Hafnarhúsinu - 101 Reykjavík  
**Feró sf**  
Steinaseli 6 - 109 Reykjavík  
**Fjarhitun**  
Borgartúni 17 - 105 Reykjavík  
**FöniX hf**  
Hátúni 6a - 105 Reykjavík  
**Garðasókn**  
Safnahúsið - 210 Garðabæ  
**Garðræktarfélag**  
Reykhverfinga Hveravöllum  
- 641 Húsavík  
**Glerverksmiðjan Ísþan**  
Smiðjuvegi 7 - 200 Kópavogi  
**Grænn kostur ehf**  
Skólavörðustíg 8 -101 Reykjavík  
**Hafnarfjarðarkirkja**  
v/Strandgötu - 220 Hafnarfirði  
**Henson Sportfatnaður hf**  
Braturholti 8 - 105 Reykjavík  
**Hersir Ráðgjafabjónusta**  
Suðurlandsbraut 12 -  
108 Reykjavík  
**Hítastýring hf**  
Þverholti 15a - 105 Reykjavík  
**Hítaveita Egilsstaða og Fella**  
Heimatúni 2 - 700 Egilsstöðum  
**Hjálparstarf kirkjunnar**  
Vatnssstíg 3-101 Reykjavík  
**Hjólbarðaviðgerðin**  
Dalbraut 14 - 300 Akranesi  
**Hugver**  
Vítastíg 12 - 101 Reykjavík  
**Húsagarður hf**  
Hólmgarði 2c - 230 Reykjavík  
**Höðakaffi**  
Vagnhöfða 11 - 112 Reykjavík  
**Ísflug ehf**  
Reykjavégi 36 - 270 Mosfellsbæ  
**Íslandspil**  
Smiðjuvegi 11a - 200 Kópavogi

**J.S. Bilaleiga**  
Lækjarsmára 6 - 200 Kópavogi  
**Jakob Valgeir ehf**  
Grundarstíg 5 - 418 Ísafirði  
**Jeppasmíðjan ehf**  
Ljónsstöðum - 801 Selfossi  
**Jón Lárus Guðnason**  
Vesturbirni 19 - 104 Reykjavík  
**Kaffi Reykjavík**  
Vesturgötu 2 - 101 Reykjavík  
**Karl Kristmanns**  
Ofanleiti 15 - 900 Vesmannaejyum  
**Kapólska kirkjan**  
Box 313 - 121 Reykjavík  
**Kaupfélag Skagfirðinga**  
Ártorgi 1 - 550 Sauðárkróki  
**Keflavíkurkirkja**  
Kirkjuvegi 25 - 230 Reykjavík  
**Kjörgarður**  
Laugavegi 59 -101 Reykjavík  
**Knarrareyri hf**  
Garðarsbraut 18 - 640 Húsavík  
**Kópavogsbær**  
Fannbrú 2 - 200 Kópavogi  
**Krosshús**  
Miðgarði 2 - 240 Grindavík  
**Kumbaravogur**  
Kumbarvoggi - 825 Selfoss  
**Lindin kristlög útlarp**  
Krókhálsi 4 - 110 Reykjavík  
**Litla Kaffistofan**  
Suðurlandsveggi - 810 Selfoss  
**Lögfræðistofa Hilmar**  
Ingimundarsonar  
Austurstræti 10a - 101 Reykjavík  
**Lögfræðistofa**  
**Ólafs Gústafssonar**  
Kringlunni 7 - 103 Reykjavík  
**Mosfellsbær**  
Þverholti 2 - 270 Mosfellsbæ  
**Nesbrú ehf**  
Mariubakka 18 - 109 Reykjavík

**Neskirkja**  
v/Hagatorg - 107 Reykjavík  
**Nesradió**  
Síðumúla 3-5 - 108 Reykjavík  
**Nonnabíti**  
Hafnarstræti 18 - 101 Reykjavík  
**Nýsir hf**  
Flatahrauni 5a - 220 Hafnarfirði  
**Orkubú Vestfjarða**  
Stakkanesi 1 - 400 Ísafirði  
**Ólafur Þorsteinsson ehf**  
Vatnagöllum 4 - 104 Reykjavík  
**Parlogis**  
Krókhálsi 14 - 101 Reykjavík  
**Raförminn ehf**  
Suðurlíó 35 - 105 Reykjavík  
**Reykjavæsbær**  
Tjarnargötu 12 - 230 Reykjavík  
**Ræskir**  
Skúlagötu 59 - 105 Reykjavík  
**Samhjálp - Hvítasunnusöfnuður**  
Stangarhyl 3 - 110 Reykjavík  
**SBS Innréttingar**  
Hyrjarhöfða 3 - 112 Reykjavík  
**Selfossveitur**  
Austurvegi 67 - 800 Selfoss  
**Seltjarnarnes**  
Austurströnd 2 -  
170 Seltjarnarnesi  
**Siglufrjóðarkaupstaður**  
Gránugötu 24 - 580 Siglufirði  
**SÍBS**  
Síðumúla 6 - 108 Reykjavík  
**Skinney Þinganes**  
Krosseyrarveggi 1 - 780 Höfn  
**Smith og Norland**  
Nóatúni 4 - 105 Reykjavík  
**Sorpa**  
Gufunesi - 112 Reykjavík

**Sólheimar í Grímsnesi**  
Grímsneshreppi - 801 Selfoss  
**Sparisjóður Mýrarsýslu**  
Borgarbraut 14 - 310 Borgarnes  
**Spennubreytar**  
Trönuhrauni 5 - 220 Hafnarfirði  
**Staðarprestakall**  
Staðarbrún 3 - 355 Ólafsvík  
**Stafholtsprestakall**  
Stafholti - 311 Borgarnes  
**Suzuki bílar**  
Skeifunni 17 - 108 Reykjavík  
**Sýslumaðurinn á Akranesi**  
Stíllholti 16-18 - 300 Akranesi  
**Sýslumaðurinn í Keflavík**  
Vatnssnesvegi 33 - 230 Keflavík  
**Sökkull ehf**  
Dugguvoggi 9-11 - 104 Reykjavík  
**Tannlæknastofa Árna Pálssonar**  
Kaupvangi - 600 Akureyri  
**Tor ehf**  
Eyrartröð 13 - 220 Hafnarfirði  
**Tónskóli Þjóðkirkjunnar**  
Háaleitisbraut 66 - 108 Reykjavík  
**Tryggingastofnun ríkisins**  
Laugavegi 114 - 150 Reykjavík  
**Verkalýðsfélag Vestfirðinga**  
Pólgötu 2 - 400 Ísafirði  
**Vestmannaeyjabær**  
Ráðhúsinu - 900 Vestmannaeyjum  
**Vésmiðjan Einar**  
Funahöfða 14 - 112 Reykjavík  
**Visa Ísland**  
Laugavegi 77 - 101 Reykjavík  
**VR**  
Kringlunni 7 - 103 Reykjavík  
**Þorbjörn Fiskanes**  
Hafnargötu 12 - 240 Grindavík  
**Ögurvík**  
Týsgötu 1 - 101 Reykjavík  
**Ömmubakstur**  
Kársnesbraut 96 - 200 Kópavogi



*Guð gefi mér  
æðruleysi  
til að sætta mig  
við það sem  
ég get ekki breytt.  
Kjark til að breyta  
því sem ég get breytt  
og vit til að greina þar á milli.*